

17. ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúru- verndarnefnda sveitarfélaga

Hvolsvelli 6. nóvember 2014

Niðurstöður umræðuhópa

Hvaða forsendur þurfa að vera lagðar til grundvallar við gerð framkvæmdaáætlun ferðamannastaða?

- Náttúruvernd, framkvæmdir skulu miða að því að vernda náttúru Íslands fyrir ágangi ferðafólks með það að markmiði að vernda gildi svæðanna.
- Úttekt/stöðumat á þeim svæðum sem byggja á upp.
- Samráð, taka tillit til heimamanna.
- Skýr framtíðarsýn hvað varðar alla uppbyggingu innviða.
- Viðmiðunarrámi, x ferðamenn kalla á x innviði.
- Sjálfbærni að leiðarljósi.
- Tryggja öryggi ferðafólks.
- Fjármunir fari þangað sem þörfin er mest til að vernda náttúru Íslands (ekkert mótframlag eins og hjá framkvæmdasjóði ferðamannastaða).

Hvernig er aðgerðum forgangsraðað?

- Jafnrétti þarf að ríkja á landsvísu, þ.e.a.s. að sveitarfélög eigi sama aðgang að fjármagni til uppbyggingar ferðamannastaða.
- Taka tillit til álags á ferðamannastaði og ferðamannaleiðir.
- Mikilvægt að framtíðarskipulag gildi um svæðin, t.d. að deiliskipulag sé í gildi.

- Sérstaklega þarf að horfa til þess að framkvæmt sé í þágu náttúruverndar, ekki til þess eins að bæta þjónustu.
- Hafa aðferðafræði „rauða lista“ Umhverfisstofnunar til hliðsjónar við forgangsröðun fyrir öll svæði.
- Við forgangsröðun þarf að horfa til þess að svæðin, og um leið ferðaþjónustan, séu sjálfbær.

Hvaða grunnsjónarmið eiga að gilda við útteilingu fjármagns?

- Að þegar fjármagni er útteilt sé horft til landslagsheilda, ekki eingöngu til tiltekinn náttúruminja.
- Tillit þarf að taka til þess að eftir uppbyggingu tekur við rekstur innviða. Er reksturinn tryggður?
- Þess verður að gæta að við uppbyggingu sé farið eftir fyrirfram gefnum gæðastöðlum.
- Horfa þarf á hönnun við útteilingu fjármagns. Hönnun skal ekki vera minnismerki mannfólksins heldur skal þess sérstaklega gætt að útlit sé látlaust og falli að náttúru. Styrkja ætti minnstu mögulegu framkvæmd sem þó þarf að endast til framtíðar.
- Við útteilingu fjármagns skal horfa til þess hvort t.d. tímabundnar lokanir geti komið í stað framkvæmda. Stýrihópur, sem ábyrgð ber á framkvæmdaáætlun, verður taka tillit til, og leiðbeina rekstraraðilum, um aðra valmöguleika ef kostur er. Hafa þarf viðmið um hve lengi það geti talist æskilegt að svæði megi vera lokuð, t.d. ef loka þarf svæðum í meira en fjórar vikur á ári er þörf á framkvæmdum. Þá þarf að skoða hvort skýr lagastoð sé fyrir lokun svæða sem ekki eru friðlýst, og hvers það er að taka þá ákvörðun.

Að hverju þarf að hyggja við uppbyggingu ferðamannastaða?

- Aðgengi að staðnum
- Þolmörk svæðisins
- Samvinna við heimamenn þarf að vera frá upphafi
- Gestir eru allir þeir sem koma, heimamenn og ferðamenn. Þetta þarf að vinna saman. Gæta þess að heimamenn hætti ekki að koma á svæðið, þeir telji það aðeins fyrir ferðamenn. Litlar heitar laugar eru dæmi um staði sem heimamenn eru hættir að koma á vegna fjölda ferðamanna. Sagt hefur verið frá laugum þó þær taki aðeins við nokkrum einstaklingum og ekki var haft samráð við heimafólk.
- Bæta gæði í upplifun – dramatík.
- Vinna skipulag fyrst, síðan framkvæma. Er ekki alltaf raunin.
- Almennaréttur. Hann þarf að útfæra með heimamönnum t.d. að banna að tjalda nema á skipulögðu tjaldsvæði.
- Útilegukort þarf að hugsa betur, ferðamenn eru ekki að skila sér til rekstraraðila. Upplýsingar á kortinu eru villandi/ónákvæmar.

- Leggja þarf meiri áherslu á kynningu á skipulögðum tjaldsvæðum.
- Hugmynd um próf/tékklista var rifjuð upp. Hann þyrftu ferðamenn sem koma til landsins að fylla út en á honum væri farið yfir megin umgengnisreglur um landið.

Hvaða sjónarmið vega þyngst við uppbyggingu innviða?

1. Vanda sig
 2. Langtímahugsun, plön – landskipulag
 3. Að undirbúningur sé vandaður
- Sjónarmið landeigenda
 - Deiliskipulag
 - Aukinn straumur ferðamanna
 - Að náttúran verði ekki skemmd
 - Verkbekking og skilningur
 - Stýring, verndun
 - Upplifun gestsins
 - Í grunn: landskipulag og verndun
 - Þarfir ferðþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila
 - Að til séu peningar
 - Að þar sem rekstur er fyrirhugaður þurfi viðkomandi að fá umhverfivottun
 - Öryggi ferðamannsins
 - Að hreinlætismálum sé sinnt

Hvernig tryggjum við að nærsamfélagið komi sínum sjónarmiðum á framfæri?

- Íbúafundir hafa virkað vel.
- Sveitarfélög svari athugasemdum og ábendingum íbúa.
- Farvegur fyrir ábendingar þarf að vera góður, t.d. til sveitarstjórna og stofnana eins og Umhverfisstofnunar og Ferðamálastofu.
- Að hittast maður á mann er gott.
- Tala þarf við bændur landsins, ekki gleyma þeim hópi.

Hvernig nýtist framkvæmdaráætlun ferðamannastaða fyrir sveitafélögin?

- Sveitafélögin þurfa að móta stefnu um hvar helstu ferðamannastaðir eiga að vera og gera þarfagreiningu á hvar þurfi að byggja upp innviði til að tryggja verndun svæðanna og þjónustu við ferðamenn. Framkvæmdaáætlunin mun þannig nýtast sveitarfélögunum betur.
- Sveitafélög þurfa að vera búin að mynda góð tengsl við landeigendur þar sem vinsælir ferðamannastaðir er í einkaeigu. Skapa þarf samstarf um hvort og hvernig eigi að nýta framkvæmdaáætlunina.

- Framkvæmdaáætlun ferðamannastaða nýtist sveitafélögum best ef áætlunin er gerð í samstarfi við ferðaþjónustuaðila, ferðamálasamtök og aðra hagsmunaaðila er málið varðar.

Hvernig geta sveitarfélög hagnýtt framkvæmdaáætlunina sem best?

- Framkvæmdaáætlunin mun beita þrýstingi á sveitafélögin að gera stefnumótun um framtíðar ferðamannastaði innan sveitafélagsins og uppbyggingu á innviðum þeirra.
- Ef sveitafélög hafa gert þarfagreiningu og mótað stefnu um uppbyggingu á ferðamannastöðum, geta þau sýnt fram á hver framkvæmdaþörfin er.
- Sveitafélög þurfa að gera stefnumótun til langstíma þar sem framkvæmdaáætlun ferðamannastaða er til 12 ára.
- Með því að gera stefnumótun um framtíðar ferðamannastaði geta sveitarfélögin ákveðið hvert straumurinn á að liggja og hvert ekki, t.d. þar sem um viðkvæm náttúrusvæði er að ræða.
- Framkvæmdaáætlunin mun nýtast sveitarfélögum mun betur en t.a.m. framkvæmdarsjóður ferðamannastaða þar sem ekki er krafist mótframlags af sveitarfélaginu.